

Mönnunarreglur

FISKISKIP OG ÖNNUR SKIP

15 m og lengri



Lögskráningar á fiskiskip og önnur skip 15 m og lengri

Lágmarksmönnun á **fiskiskipum og öðrum skipum** er ákveðin í lögum um áhafnir skipa nr. **82/2002** og tekur hún aðeins til skip- og vélstjórnarmanna og fjöldi annarra í áhöfn er ákveðin af útgerð.

Til að hægt sé að lögskrá þarf skipið að vera komið með **haffærisskírteini** og **áhafnartryggingu** fyrir alla um borð, einstaklingur **þarf að hafa réttindi í þá stöðu** sem lögskrá á hann í. Hann þarf að hafa lokið a.m.k. **grunnöryggisfræðslu** (ST) hjá Slysavarnaskóla sjómanna og **endurnýjað hana** (EM) á 5 ára fresti:

Mönnunarreglur skipstjórnarmanna

Skip 15 - 24 m

Útivist er styttri en 14 klst.:

Lágmarksmönnun er skipstjóri (**AD**) og yfirvélstjóri eftir stærð aðalvélar.

Skipstjóri (SK) - (AD)	✓
Stýrimaður (AC) - (AC) *	?
Yfirvélstjóri (YV) - (VY1)	✓
Vélavörður (VV) - (VV) *	✓

Lágmarksmönnun miðast við 22,18 m og 578 kW

* Manna þarf þessa stöðu og lögskrá ef útivist skipsins fer yfir 14 klst, sbr. ákvæði sjómannalaga

Útivist er lengri en 14 klst.:

Lágmarksmönnun er skipstjóri (**AD**), stýrimaður (**AC**) og vélstjórnarmenn eftir stærð aðalvélar.

Skipstjóri (SK) - (AD)	✓
Stýrimaður (AC) - (AC) *	?
Yfirvélstjóri (YV) - (VY1)	✓
Vélavörður (VV) - (VV) *	✓

Lágmarksmönnun miðast við 22,18 m og 578 kW

* Manna þarf þessa stöðu og lögskrá ef útivist skipsins fer yfir 14 klst, sbr. ákvæði sjómannalaga

Skip 24 - 45 m

Lágmarksmönnun er skipstjóri (**BC**), yfirstýrimaður (**BA**), undirstýrimaður (**AB**)* og vélstjórnarmenn eftir stærð aðalvélar:

Skipstjóri (SK) - (BC)	✓
Yfirstýrimaður (YS) - (BA)	✓
Undirstýrimaður (2S) - (AB) *	?

* valkvæð staða = ekki er **skilt** að lögskrá í stöðu undirstýrimanns

Skip 45 m og lengri

Lágmarksmönnun er skipstjóri (**CB**), yfirstýrimaður (**CA**), undirstýrimaður (**BB**) og vélstjórnarmenn eftir stærð aðalvélar:

Skipstjóri (SK) - (CB)	✓
Yfirstýrimaður (YS) - (CA)	✓
Undirstýrimaður (2S) - (BB)	✓

Mönnunarreglur vélstjórnarmanna

Aðalvél 750 - 1.500 kW

Lágmarksmönnun er yfirvélstjóri **(VS.1)** og annar vélstjóri* **(VS.2)**, auk skipstjórnarmanna skv. lengd skipsins;

Yfirvélstjóri (YV) - (VS.1)	✓
Annar vélstjóri (2V) - (VS.2)	✓

Lágmarksmönnun miðast við 51,1 m og 1.397 kW

*Áður 1. vélstjóri

Aðalvél 1.500 - 1.800 kW

Lágmarksmönnun er yfirvélstjóri **(VF.3)** og annar vélstjóri* **(VF.4)**, auk skipstjórnarmanna skv. lengd skipsins;

Yfirvélstjóri (YV) - (VF.3)	✓
Annar vélstjóri (2V) - (VF.4)	✓

Lágmarksmönnun miðast við 48,48 m og 1.635 kW

*Áður 1. vélstjóri

Aðalvél 1.800 - 3.000 kW

Lágmarksmönnun er yfirvélstjóri **(VF.3)**, annar vélstjóri* **(VF.4)**, undirvélstjóri **(VS.2)** auk skipstjórnarmanna skv. lengd skipsins;




Yfirvélstjóri (YV) - (VF.3)	✓
Annar vélstjóri (2V) - (VF.4)	✓
Undirvélstjóri (UV) - (VS.2)	⚠

Lágmarksmönnun miðast við 54,08 m og 1.850 kW

*Áður 1. vélstjóri

Aðalvél 3.000 kW og stærri

Lágmarksmönnun er yfirvélstjóri **(VF.1)**, annar vélstjóri* **(VF.2)**, undirvélstjóri **(VS.1)** auk skipstjórnarmanna skv. lengd skipsins:

Yfirvélstjóri (YV) - (VF.1)	
Annar vélstjóri (2V) - (VF.2)	
Undirvélstjóri (UV) - (VS.1)	

Lágmarksmönnun miðast við 60,29 m og 4.140 kW

*Áður 1. vélstjóri

Frávik frá lögbundinni mönnun

Þegar mönnunarnefnd skipa eða Samgöngustofa hefur samþykkt frávik frá lögbundinni mönnun, er frávikíð fært inn í lögskráningarkerfið. Í þeim tilvikum er staðan **S** merkt.

Skipstjóri (SK) - (CB)	
Yfirstýrimaður (YS) - (CA)	
Undirstýrimaður (2S) - (BB)	
Yfirvélstjóri (YV) - (VF.1)	
Annar vélstjóri (2V) - (VF.2)	
Undirvélstjóri (UV) - (VS.1) S	

Lágmarksmönnun miðast við 72,47 m og 4.500 kW

Ath: Ef músarbendill er staðsettur yfir S táknu má sjá nánari upplýsingar um frávikíð

Viðbótarstaða

Útgerð getur óskað eftir því að bætt sé við stöðu á skipið sem **ekki** er gerð krafa um í lögum. Samgöngustofa færir þá viðbótarstöðu inn á skipið. Í þeim tilvikum er staðan **V** merkt.

Skipstjóri (SK) - (AD)	
Undirstýrimaður (2S) V	
Stýrimaður (AC) - (AC) *	
Yfirvélstjóri (YV) - (VF.1)	
Annar vélstjóri (2V) - (VF.2)	
Undirvélstjóri (UV) - (VS.1)	

Ath: Ef músarbendill er staðsettur yfir V táknu má sjá nánari upplýsingar um viðbótarstöðuna